

Innra mats skýrsla

Lundarskóli
Akureyrarbær

Inngangur	3
Ytra mat	4
Starfsáætlun um innra mat	6
Niðurstöður mats	6
Stjórnun og fagleg forysta	7
Nám og kennsla	8
Innra mat	9
Heildarniðurstaða innra mats - myndræn	10
Umbótaáætlun skólaársins 2021 - 2022	12

Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni innra mats á árinu 2020 - 2021

1. Staða gagnvart ytra mati ef við á
2. Helstu matsþættir
 - Nám og kennsla
 - Fagmennska starfsfólks
 - Velferð og líðan nemenda
 - Inntak, árangur, gæði náms og kennslu
 - Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur
 - Stjórnun
 - Stjórnun skólans (tengsl, upplýsingaflæði, traust og fl.)
 - Innra mat
 - Öðru má bæta við og leggja áherslu á á hverju ári eða reglulega
 - SMT - agastefma
 - Lærdómssamfélaga starfs- og skólaþróun
 - Teymisvinna
 - Heilsueflandi grunnskóli
 - Uppbrotsdagar/viðburðir
3. Skýrslu lýkur með umbótaáætlun

Nú í lok skólaársins 2020 - 2021 er búið að endurskoða alla þætti innra mats skólans og setja gæðaviðmið um stjórnun og faglega forystu, nám og kennslu, innra mat inn í langtímaáætlun skólans. Hér fyrir neðan má sjá hvernig starfsfólk skólans mat stöðuna út frá gæðaviðmiðum skólans skólaárið 2020 - 2021.

Matsteymi Lundarskóla: Elías Gunnar Þorbjörnsson, Fjóla Dögg Gunnarsdóttir, Maríanna Ragnarsdóttir, Margrét Rún Karlsdóttir, Kristín Björnsdóttir Jensen, foreldrar og nemendur úr skólaráði Lundarskóla

Ytra mat

Menntamálastofnun gerði ytra mat á skólastarfi í Lundarskóla í mars 2020. Ytra mat er mikilvægt tæki fyrir leik - og grunnskóla til að skólasamfélagið geti áttað sig á því hvar styrkleikar skólastarfsins liggja og hvert skal halda. Skýrsluna má sjá [hér](#). Ytra mats aðilar mátu stöðuna þá eins og hún birtist á meðfylgjandi mynd.

Viðfangsefni umbóta í kjölfar ytra mats er að bæta stöðuna kerfisbundið. Markmið Lundarskóla er að flestir eða allir þættir samræmist fyllilega lýsingum um gæðastarf. Árið 2020 í kjölfar ytra mats setti starfsfólk Lundarskóla sér það markmið að verða framúrskarandi skóli sem bæri skýr einkenni gæðastarfs.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í - samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

RAUTI - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

LJÓSGRÆNT/ GULT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Í kjölfar ytra mats úttektar Menntamálastofnunar varð umbótaáætlun sem starfsfólk Lundarskóla hefur unnið eftir allt til dagsins í dag. Umbætur eru í ferli skv. matsáætlun skólans um innra mat. [Hér](#) má sjá skýrslu og umbótaáætlun vorið 2021 þar sem fram koma upplýsingar um framvindu umbóta í Lundarskóli vorið 202.

Þriðji kafli þessarar skýrslu er ný umbótaáætlun sem tryggir stöðugar umbætur í Lundarskóla.

Starfsáætlun um innra mat

Lundarskóli hefur gert langtímaáætlun um innra mat ársins 2024 og áætlunina má finna [hér](#). Í áætluninni koma fram matsverkefni fyrir hvert ár fyrir sig, hvernig á að meta, hver sér um matið, þátttakendur, viðmið og hvernær á að meta.

Skólaárið 2020 -2021 var markmið skólans í tengslum við innra mata að stofna Gæðaráð sem heldur utan um innra mat í skólanum og vinnur að innleiðingu á nýrri menntastefnu Akureyrar. Meta þætti í skólastarfi skv. langtímaáætlun skólans, vinna úr matinu og gera umbótaáætlun fyrir skólaárið 2021 – 2022.

Gæðaráðið var stofnað að hausti 2020 og vann skv. langtímaáætlun skólans, áætlun fyrir skólaárið 2020 – 2021.

Niðurstöður mats

Niðurstöður úr mati fyrir skólaárið 2020 – 2021 taka mið af niðurstöðum úr ytra mati vor 2020 og umbótaáætlun fyrir skólaárið 2020 – 2021.

Niðurstöður úr mati skólans eru lagðar fram í þrem meginþáttum sem eru:

1. Stjórnun og fagleg forysta
2. Nám og kennsla
3. Innra mat

Hér í þessum kafla verða birtar helstu niðurstöður innra matsins út frá markmiðum skólans fyrir skólaárið 2020 - 2021, það er hvernig hefur gengið að ná fram þeim þáttum sem voru í umbótum. Þar koma fram upplýsingar um matsgögn sem nýtt voru við matið, viðmið og sett fram myndræn útfærsla á niðurstöðum. Aðrir þætti í myndrænni útfærslu eru í samræmi við niðurstöður úr ytra mati vori 2020 og voru ekki í umbótaferli að svo stöddu.

Gæðaráð skólans fór yfir gögnin, ræddi niðurstöður og bar saman við viðmiðin.

Hér má sjá skilgreiningu má myndrænni útfærslu á niðurstöðum og hvað litirnir þýða.

- **RAUTI** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
- Eða nota önnur viðmið sem skólinn setur sér.

Stjórnun og fagleg forysta

Við mat á skólastarfið í tengslum við stjórnun og faglega forystu er tekið mið af viðmiðum Akureyrarbæjar, skv. matslistum má sjá hér. [Stjórnun og fagleg forysta - matslisti 4. útgáfa.](#)

Markmið Lundarskóla skólaárið 2020 – 2021 var að vinna að umbótaþáttum í tengslum við ytra mat vor 2020. Markmið skólans eru að:

- Gera skólanámskrá sýnilegri
- Gera betri og aðgengilegri heimasíðu
- Uppfæra starfsáætlunum teyma og árganga
- Vinna að verklagsreglum í tengslum við kannanir, skimanir, líðan og skipulagi í námi og kennslu til eflingar starfsins
- Bæta starfsaðstæður fyrir nemendur og starfsfólks í húsnæði skólans

Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um stjórnun og faglega forystu voru fundargerðir, niðurstöður úr spurningalistum um faglegt skólastarf og teymisvinnu, sýnilegt skipulag og starfshættir, heimasíða.

Niðurstaða úr matinu er gefur til kynna að fimm þættir af sjö beri skýr merki um að gæðastarf í skólanum. Tveir þættir, Vinnulag verklagsreglur og áætlanir ásamt Samvirkni í stefnumótun – stefnumótun og skipulag teljast vera ljósgræn, þar sem styrkleikar eru meiri en veikleikar. Þessir þættir færast því í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Stjórnun og fagleg forysta	
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting
Tengsl við foreldra og aðra í skóla samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna
Umbætur og innleiðingar breytinga	

Niðurstöður úr mati á markmiðum skólans sem falla undir gæðastarf:

- Skólanámskrá Lundarskóla var uppfærð og áhersla var lögð á samfellu milli árganga í námi og kennslu. Í námskránni koma fram áherslur í tengslum við grunnþætti menntunar, lykilhæfni í skólastarfi, viðmið um námsmat og námsvísir fyrir hvern árgang fyrir sig í öllum greinum. [Hér má sjá skólanámskrána \(Námsvísir Lundarskóla\)](#) eftir umbætur. Umbætur hófust í september 2020 og lokið í nóvember 2020.
- Heimasíða Lundarskóla var uppfærð og ný heimasíða leit dagsins ljós í desember 2020. [Hér má sjá nýja heimasíðu Lundarskóla.](#)
- Starfsáætlanir árganga voru uppfærðar og settar inn í starfsáætlun skólans. Allar starfsáætlanir árganga voru endurskoðaðar og uppfærðar. (Lokið) Umbætur hófust í ágúst 2020 og lokið í október 2020. [Hér er starfáætlun Lundarskóla.](#)
- Verklagsreglur og varveiting gagna í Lundarskóla voru settar í ferli. Í Lundarskóla tók til starfa nýr verkefnastjóri sérkennslu í Lundarskóla og sem heldur utan um gögn og skipulag um sérkennslu í skólanum. Verkefnastjórinn stýrir vinnu sérkennarateymis skólans og á næstu misserum verður unnið að rafrænu skipulagi sem heldur utan um gögn nemenda í gegnum skólagönguna svo hægt verði að skoða framfarir á milli ára hjá nemendum og skipuleggja nám, kennslu og líðan nemenda út frá gögnum. Þetta verkefni er í ferli. Upphaf verkefnisins var að ráða verkefnastjóra sérkennslu. Umbætur hófust í ágúst 2020 og mun þeim ljúka í júní 2022.

Helstu umbætur næsta árs:

Til þess að allir þættir geti talist skærgrænir þarf að ljúka endurskoðun á eftirfarandi:

- Áætlunum, skrá verklag og varðveitingu á gögnum.
- Skilgreina þætti í stefnu skólans.
- Endurbæta skólahúsnæðið og aðbúnað fyrir nemendur og starfsfólk skólans

- **RAUTI** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Nám og kennsla

Við mat á skólastarfið í tengslum við nám og kennslu er tekið mið af viðmiðum Akureyrarbæjar, skv. matslistum má sjá hér.- [Nám og kennsla](#)

Markmið Lundarskóla skólaárið 2020 – 2021 var að vinna að umbótapáttum í tengslum við ytra mat vor 2020. Markmið skólans eru að:

- Tengja grunnþætti menntunar inn í skólastarfið og tengja lykilhæfni inn í námslotur/námsmat
- Yfirfara námsvísa á heimasíðu skólans og setja inn viðmið um námsárangur
- Gera námsáætlanir í samræmi við færni nemenda og námsvísa/námskrá skólans
- Auka færni kennara í starfi og stuðla að betri kennsluháttum
- Auka val nemenda í námi
- Auka lýðræði í skólastarfi
- Bæta starfsaðstæður fyrir nemendur
- Stuðla að betri líðan nemenda, þátttöku og ábyrgð

Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um nám og kennslu voru þátttaka í starfspróun kennsluhátta, niðurstöður úr spurningalistum um faglegt skólastarf og teymisvinnu, skýrslugerð teyma, sýnilegt skipulag og starfshættir á heimasíðu skólans.

Niðurstaða úr matinu er gefur til kynna að tveir þættir af sex beri skýr merki um að gæðastarf í skólanum. Fjórir þættir, Skipulag náms, Námsvitund, Gæði kennslu og Ábyrgð og þátttaka teljast vera ljósgræn, þar sem styrkleikar eru meiri en veikleikar. Þessir þættir færast því í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Nám og kennsla	
Inntak og námskrá	Skipulag náms
Árangur náms	Námsvitund
Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka

Niðurstöður úr mati á markmiðum skólans sem falla undir gæðastarf:

- Lykilhæfni í námi nemenda var metin fyrir foreldraviðtöl í október og febrúar sl. og er tengd inn í lotur í Mentor. Námsmat tengt lykilhæfni er sýnilegt nemendum og foreldrum í Mentor
- Skipulag náms og markmið í námi tengjast inn í Mentor. Námsmarkmið voru yfirfarin í samræmi við [námsvísi Lundarskóla](#) sem er á heimasíðu skólans. Markmiðin eru metin reglulega í lotum inni í Mentor og eru sýnileg nemendum og foreldrum. Þessi vinna er unnin jafnt og þétt yfir skólaárið skv. [starfsáætlun skólans](#).
- Námsaðlögun í Lundarskóla er í ferli. Verkefnastjóri sérkennslu stýrir starfinu sem tengist námsaðlögun og sérkennslu og stýrir sérkennsluteyminu. Áhersla í vetur hefur tengst einstaklingsnámskrám sem eru gerðar í Mentor eftir þörfum nemenda. Næsta verkefni sem tengjast námsaðlögun er að setja skýra stefnu og starfshætti inn í starfsáætlun skólans og fylgja eftir.
- Námsmat og viðmið um námsmat eru birt í [námsvísi Lundarskóla](#) á heimasíðu skólans.
- Árangur í námi er metinn skv. matsþáttum Menntamálastofnunar, skólanámskrá Lundarskóla og áætlun um skimanir. Niðurstöður gefa til kynna að námsárangur nemenda sé á pari við viðmið um árangur.

Helstu umbætur næsta árs:

Til þess að allir þættir geti talist skærgrænir þarf að ljúka endurskoðun á eftirfarandi:

- Tengja grunnþætti menntunar betur inn í nám og kennslu
- Gæta þess að nemendur hafi nám við hæfi
- Stuðla að auknu vali nemenda í námi
- Stuðla að námsumhverfi við hæfi hvers og eins
- Auka lýðræði í skólastarfi
- Stuðla að betri líðan, þátttöku og ábyrgð nemenda, halda bekkjarfundi reglulega

- **RAUTI** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Innra Mat

Við innra mat á skólastarfið tekið mið af viðmiðum Akureyrarbæjar, skv. matslistum má sjá hér - [Innra mat](#)

Markmið Lundarskóla skólaárið 2020 – 2021 var að vinna að umbótaþáttum í tengslum við ytra mat vor 2020 og vinna skv. stefnu Akureyrarbæjar um innra mat í grunnskólum. Markmið skólans eru að:

- Virkja nefnd um innra mat/Gæðaráð
- Uppfæra og gera umbótaáætlun skýrari og setja inn vimið um árangur í áætlunina

Gögn sem nýtt voru til að máta við markmið skólans voru niðurstöður úr spurningalistum um faglegt skólastarf, viðmið Akureyrarbæjar um innra mat, samráðsfundir og fundargerðir

Niðurstaða úr matinu er gefur til kynna að tveir þættir af þremur beri skýr merki um að gæðastarf í skólanum. Einn þáttur sem snýr að framkvæmd á mati þarfnast úrbóta. Framkvæmd snýr að skipulagi á innra mati með þátttöku nemenda og foreldra. Þessi þáttur mun fara inn í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Innra mat
Skipulag
Framkvæmd
Umbætur

Niðurstöður úr mati á markmiðum skólans sem falla undir gæðastarf:

- Fagmennska starfsfólks er í framþróun með stuðningi/leiðsögn frá MSHA í tengslum við kennsluhætti og teymisvinnu. Skipulögð fræðsla, stuðningur og leiðsögn er í ferli. Starfsþróun og umbætur hófust í september 2020 og verða í ferli til vors 2022
- Matsnefnd/teymi í Lundarskóla var stofnað í ágúst 2020 og kallast teymið Gæðaráð. Í Gæðaráði sitja fulltrúar skólastjórnenda, kennara, aðili úr röðum starfsfólks. Einnig koma nemendur úr nemendaráði og foreldraráði að ráðinu eftir þörfum. Gæðaráðið heldur utan um mat og umbætur í skólanum skv. langtímaáætlun um innra mat skólans. Einnig er teymið að fá leiðsögn frá aðilum sem starfa á vegum fræðslusviðs Akureyrar um innleiðingu í nýrri menntastefnu Akureyrar, framþróun í skólastarfi og mati. Núverandi Gæðaráð hóf störf í september 2020 og starfar saman til vors 2022
- Skipulag á umbótum er í höndum Gæðaráðs í samstarfi við teymi/starfsfólk innan skólans. Gerir umbótaáætlun út frá ytra og innra mati og starfar í samræmi við nýja menntastefnu Akureyrar
- Markið og viðmið á umbótum fyrir skólaárið 2021 – 2022 er í vinnslu. Tekið verður mið af umbótaáætlun skólans vegna ytra mats vor 2020, innra mati skólans vor 2021 og nýrri menntastefnu Akureyrar. Umbótaáætlun verður tilbúin í júní 2021

Helstu umbætur næsta árs:

Til þess að allir þættir geti talist skærgrænir þarf að ljúka endurskoðun á eftirfarandi:

- Gera áætlun um lýðræðislega aðkomu nemenda
- Bekkjargundir séu reglulegir
- Auka aðkomu nemenda og foreldra að námsmati og námi

Heildarniðurstaða innra mats - myndræn

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skóla samfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga				

- **RAUTI** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Heildarniðurstaðan er að 100% matsþátta (16/16) eru flestir eða allir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Við lok skólaársins 2024 er stefnt á að 90% allra matsþáttanna verði flestir eða allir sterkir.

Umbótaáætlun skólaársins 2021 - 2022

*Módel byggt á módeli Reykjavíkurborgar

1. Stjórnun og fagleg forysta

1. Samvirkni í stefnumótun	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Skólastefna	Skilgreina stefnu skólans og einkunnarorð hans	Skilgreina hugtök með nemendum og starfsfólki. Gera stefnu sýnilegri í skólanum og á heimasíðu skólans	Skólastj.	September 2021	Apríl 2022	Sjálfsmat teyma og stjórnenda	100% skilgreining á hugtökum og stefnu (Ábyrgð, virðing, vellíðan, heilsueflandi grunnskóli, SMT, teymisvinna) og birt á heimasíðu og í umhverfi skólans
Verklagsreglur og varðveiting gagna	Skrá verklag um hvernig gögn, s.s. kannanir og skimanir um árangur og líðan, eru nýtt í skipulagi kennslu til eflingar starfsins	Gera rafrænt skipulag sem heldur utan um gögn nemenda í gegnum skólagönguna svo hægt sé að skoða framfarir á milli ára hjá nemendum og skipuleggja nám,	Teymi sér-kennara	Október 2021	Júní 2022	Mat lagt á rafrænt skipulag og skráningarkerfi	Rafrænt kerfi tilbúið til að halda utan um gögn

		kennslu og líðan nemenda út frá gögnum					
2. Faglegt samstarf og samræða	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Faglegt samstarf í teyrum	Þróa starfshætti í teymisvinnu	Styðja við teymi með utan að komandi aðstoð frá MSHA sem stuðla að auknu samstarfi og samábyrgð í starfi	MSHA / stjórnendur	Framhald frá 2020-2021	Júní 2024	Gátlistar frá MSHA um faglegt samstarf, teymisvinnu	Gæðaviðmið á faglegu samstarfi. 80% ánægja og samstarf.
3. Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Samstarf heimila og skóla (m.a. haustkynningar, foreldraviðtöl, samstarf við skólaráð og fl.)	Leita leiða til að kanna formlega hugmyndir foreldra til eflingar skólastarfs og auka samráð við hagsmunaaðila skólasamfélagsins við stefnumótun í skólanum	Viðvarandi samstarf við foreldra- og skólaráð um eflingu skólastarfs. Ásamt samstarf við nemendaráð um einstaka þætti við stefnumótun skólans	Skólastj.	Viðvarandi	Júní 2022	Fara með mál á fundi með foreldra-, skóla og nemenda-ráðu m. Samstarf við foreldra í gegnum viðtöl, kynningar og fl.	Ánægðir foreldrar skv. skólapúls 80% almenn ánægja og foreldra bera traust til skólans, 80% foreldra mæta á kynningar og í foreldraviðtöl

4. Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Samstarf stjórnenda við aðila sem tengjast óbeint starfsemi skólans á einhvern hátt	Móta þarf, í samvinnu við Akureyrarbæ, skýrar verklagsreglur um þagnarskyldu verktaka og annarra sem starfa um stundarsakir í skólanum. Sú ábending kom einnig fram við ytra mat 2012	Gera verklagsreglur og eyðublöð sem utanaðkomandi aðila skrifa undir þegar þeir starfa við grunnskóla	Skólastjóri / fræðslustjóri	Júní 2020	Júní 2022	Undirskrift einstaklinga sem starfa við skólann á einhvern hátt skrifa undir ákveðin plögg	Allir sem starfa á einhvern hátt við skólann skrifa undir slík plögg
Skólahúsnæði	Auka rými og aðbúnað nemenda í húsnæði skólans	Endurskipuleggja, hanna og endurbæta skólahúsnæði	Fasteignir, skólastj, fræðslustjóri fræðslunefnd	Ágúst 2020	Ágúst 2022	Framkvæmdir, viðhald á skólahúsnæði	Endurgert húsnæði skólans
5. Umbætur og innleiðing breytinga	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
6. Starfsmanna-stjórnun og verka-skipting	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur

7. Leiðtogahæfn i stjórnenda og starfsmanna	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Áherslur skólans og nefndarstörf	Vinna markvisst að framþróun og viðhaldi á áhersluþáttum skólans (SMT, Heilsueflandi skóli, lærdómssamfélagi, teymisvinnu og starfsþróun einstaklinga)	Fá utan að komandi stuðning eins og við á og styðja við leiðtoga sem heldur utan um hvert verkefni fyrir sig	Skólastjórnendur og kennarar	September 2021	Júní 2022	SVÓT greining á áhersluþáttum, skýrslur nefnda/teyma að vori um framvindu starfsins	80% almenn ánægja um starfshætti

8. Nám og kennsla

1. Inntak og námskrá	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lykilhæfni í námi nemenda	Tengja grunnþætti menntunar og hvernig unnið er með lykilhæfni við áætlanir um nám nemenda	Gera námslotur og tengja lykilhæfni inn í þær. Meta lykilhæfni og ræða í viðtölum við nemendur og foreldra	Kennarar	September	Maí 2022	Námslotur og námsmat og viðtöl	Lykilhæfni tengist inn í námslotur og námsmat

2. Árangur náms	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
3. Gæði kennslu	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skipulag náms og námsumhverfi	Gæta þess að allir nemendur fái námstækifæri við hæfi	Rýna í nám og kennslu og fá leiðsögn um kennsluaðferðir	Kennarar og skólastjórnendur, MSHA	September 2021	Vor 2022	Matstæki um þróun skólastarfs GÓG og matslistar um mat á kennsluháttum	4.-5. stig (3 og 5) í matslistum GÓG sem tengjast námsumhverfi og skipulagi náms ásamt matslistum um mat á kennsluháttum
4. Skipulag náms	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Val nemenda í námi	Gæta þess að nemendur fái þann tíma í frjálst val sem þeim ber	Skipulag í stundatöflu, nýta áhugasviðsverkefni betur	Stjórnendur og kennarar	September 2021	Júní 2022	Skólapúlsinn og innra mat nemenda á námi	100% valgreinar skv. viðmiðunar-st undatöflu Valtímar í stundatöflu/lotum á mið-

							og unglíngastigi
5. Námsvitund	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lýðræði í námi	Þjálfarar nemendur markvissar í að koma skoðunum sínum á framfæri	Hafa umræðufundi, bekkjarfundi og kaffihúsafundi m/fulltrúum úr nemendaráði	Umsjónarkennarar og kennari í nemendaráði	September 2021	Júní 2022	Skólapúlsinn og innra mat nemenda á námi Matstæki um þróun skólastarfs GÓG	Aukið nemendalýðræði í skólastarfi 4.-5. stig (4) í matslistum GÓG sem tengjast námi nemenda
6. Ábyrgð og þátttaka	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Betri líðan, þátttaka og ábyrgð nemenda í skólastarfi	Halda bekkjarfundir reglulega í öllum námshópum	Halda bekkjarfundi a.m.k. 2 x í mánuði eða vikulega	Umsjónarkennarar	September 2021	Júní 2022	Matstæki um þróun skólastarfs GÓG	4.-5. stig (4) í matslistum GÓG sem tengjast námi nemenda Bekkjarfundir a.m.k. 2x í mánuði

1. Innra mat

1. Skipulag	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
2. Framkvæmd	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Matsnefnd/teymi	Hafa starfandi matsteymi sem aðilar skólasamfélagsins eiga aðild að	Stofna gæðaráð í skólanum sem sér heldur utan um mat og umbætur. Aðilar úr röðum starfsfólks, nemenda, foreldra Gæðaráð styður við innleiðingu á nýrri menntastefnu Akureyrar	Skólastj.	Ágúst 2021	Júní 2022	Starfandi gæðaráð	Virkt gæðaráð Ár hvert
Innra mat á skólastarfi, nemendur og foreldrar	Virkja nemendur og foreldrar í innra mati og gera áætlun um aðkomu þeirra	Nýta bekkjarfundi í tengslum við innra mat og lýðræðislegt skólastarf Halda kaffihúsafundi með foreldrum í skólanum	Kennarar	Ágúst 201	Júní 2022	Samræða á bekkjarfundum Innan hús þing með stjórnendum Skólapúlsinn	80% almenn ánægja foreldra og nemenda um skólastarf skv. Skólapúlsi

3. Umbætur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Markmið og viðmið á umbótum	Tilgreina markvissar aðgerðir þar sem markmið hafa ekki náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru	Gera umbótaáætlun að vori sem tekur mið af aðgerðum og viðmiðum sem ekki hafa náðst	Gæðaráð	Júní 2021	Júní 2022	Fara yfir og meta stöðuna á umbótaáætlun ársins á undan	Tilbúin umbóta-áætlun fyrir næsta skólaár